

108

15. nóv.

## BÚFJÁRTRYGGINGAR

Samkvæmt lögum nr. 28, 7. maí 1928, um búfjártryggingar, hefir ráðuneytið mælt svo fyrir, að frá 1. janúar 1931 og þangað til öðruvísi verður ákveðið, skuli ársiðgjöld, fyrir hverja búfjártægund, vera sá hundraðshluti af virðingarverði gripanna sem hér segir:

Fyrir kúr	1½	af hundraði	
— naut	½	—	—
— stóðhesta	¾	—	—
— hrúta	9	—	—

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. nóvember 1930.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

*Vigfús Einarsson.*

109

17. nóv.

## SAMÞYKKT

um

meðferð búpenings o. fl. í kaupúninu Höfn í Hornafirði í Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Allir sem alifugla (svo sem endur og hænsni) hafa í Hafnarkauptúni, eru skyldir til að hafa þá í öruggri girðingu eða annari vörzlu á tímabilinu 1. maí til 20. sept. ár hvert, svo að þeir ekki valdi tjóni á matjurta- eða blómgörðum, trjáreitum, túnnum eða öðru ræktuðu landi.

2. gr.

Sauðfé og geitfé má aldrei ganga gæzlulaust eða óhindrað í kaupúninu, og er eigendum þess óheimilt að hafa það á landi innan verzlunarlóðarinnar á tímabilinu 1. maí til 31. október ár hvert, nema í fullkomlega öruggri girðingu sé, enda bæti þeir að fullu allt tjón, sem það kann að valda á matjurta- og blómreitum, túnnum og trjáreitum, eða öðru landi sem það kemst á fyrir hirðuleysi eiganda.

## 3. gr.

Hross mega ekki ganga laus í kauptúninu á neinum tíma árs.

109  
17. nóv.

## 4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar samþykktar varða sektum frá 2—200 krónum, er renna í sveitarsjóð Nesjahrepps.

## 5. gr.

Mál sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem er samín og samþykkt samkvæmt lögum nr. 32, 4. júní 1924, er hérmeð staðfest til að öðlast gildi 1. desember 1930.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. nóvember 1930.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

*Gissur Bergsteinsson.*

## AUGLÝSING

110  
19. nóv.

um bann við umferð bifreiða.

Samkvæmt 51. gr. vegalaganna nr. 41, 4. júní 1924, er heimilt að banna umferð um vegi þann tíma árs, sem hættast er við skemmdum á vegunum. Vegna þeirrar nauðsynjar, sem teljast verður á því, að vernda vegina fyrir umferð, sem getur valdið skemmdum á þeim, sem ef til vill gera vegina lítt færa marga daga, hefir ráðuneytið ákveðið, að slíkt bann megi einstaka daga eða nokkra daga í einu á tímabilinu 1. janúar 1931 til 10. júní leggja við bifreiðaumferð um eftirtalda vegi:

**I. Þjóðvegir:** Skeiðavegur, Þingvallavegur nýi frá Bugðu til Þingvalla, Grímsnes- og Biskupstungnabraut. Landvegur, Borgarfjarðarbraut frá vegamótum frá Haugum að Kláffossi, Hvitárbraut frá Ferjukotí að Götuás, Stykkishólmsvegur frá vegamótum hjá Borgarnesi til Stykkishólms, um alla Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, Vaðlaheiðarvegur frá Eyrarlandi upp í Steinsskarð, um Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu og um Norður- og Suður-Múlasýslu, um Nes í Hornafirði og um Mýrdal í Vestur-Skaftafellssýslu.